

þeim ofvaxið, hefðu sagt þetta ljóta orð: „Það er ekki til neins!“ — hvernig ætli þá hefði litið út í heiminum nú?

Hvað það getur verið ljótt að segja um mann, sem vondur er og þarf að hafa áhrif á til góðs: „Það er ekki til neins! Hann getur ekki orðið annar en hann er!“

Hugsum okkur, að Jesús hefði sagt um okkur mennina: „Það er ekki til neins að deyja fyrir þá!“—En hann sagði það ekki. Guði sé lof.

Hann hefði þó mátt segja það um *suma*, en ekki *alla* — halda sumir. Auðvitað ekki um þá — finst þeim. Ef einhverjir eru vondir, þá eru það aðrir. Ef ljótt finst í fari einhvers, þá er það æfinlega hjá einhverjum öðrum, en ekki hjá þeim. Svona mikil er auðmýktin!

Líklega ætla fáir, að litið barn í vöggu muni geta haft mikil áhrif til góðs. Vitanlegt sé, að það geti ekki gert neitt, hugsa flestir, nema að láta hafa fyrir sér. Og að búast við neinu öðru úr þeirri átt sé tóm heimska. En ekki er það nýtt, að drottinn notar það, sem lítilfjörlegt er, til þess að gera þeim kinnroða, sem miklir þykjast vera.

Fyrir nokkrum árum átti maður nokkur ríkur, mesta peningasál, heima í einu austur-ríkjanna í Bandaríkjunum. Einu sinni sem oftar kemur hann til leigulíða síns eins, til þess að innheimta húsaleiguna. Bóndinn er ekki heima, en konan situr hjá vöggvi litla barnsins síns, þegar hann kemur inn. Hún fer inn í næsta herbergi að sækja leigu-peningana. Á meðan situr maðurinn hjá vöggunni. Barnið fer þá að fitla við höndina á honum og lítur upp á hann með hinu einkennilega brosi barnsins.

Þegar barns-höndin snerti hann, var eins og hann yrði mintur á himininn og sakleysishugsunin vaknaði í sálu hans. Og í brosi barnsins var eins og ljósgeisli frá guði kæmi inn í hjarta hans.

Þessi maður fór frá vöggunni annar maður en hann hafði komið. Barnið litla í vöggunni hafði breytt honum. Peningasálín varð að kærleiksríkri sál. Guð gat þannig komið fram vilja sínum fyrir hönd barns, sem ekkert gat, nema að eins þetta: að láta í té ósjálfrátt og sjálfkrafa kærleika sinn og